

ForMA, Fundargerð

Fundur haldinn 23. maí 2019 kl 16:30 í Menntaskólanum.

Mættir: Heimir, Inda, Ragnheiður, Anna Kristín, Arnar. Guðrún Dóra boðaði forföll.

Stjórn næsta árs

1. Ljóst er að Guðrún Dóra, Ragnheiður og Bryndís Inda munu ekki sitja í foreldrafélaginu næsta vetur þar sem börn þeirra verða 18 ára á árinu.
2. Skólasetning í haust er 27. ágúst og verður þá fyllt upp í skarðið með nýjum og ferskum foreldrum. Haustfrí verður á næsta skólaári. Próf verða á sama tíma og þetta skólaár svo ný önn hefst 13. janúar.
3. Umsóknir margar inn í skólann næsta haust. Allir sem uppfylla skilyrðin verða teknir inn. Nemendum mun fækka um ca 150 og er verið að vinna áætlun og skila skýrslu um nýtingu húsnæðisins þar sem pláss verður rýmra þegar nemendum fækkar.
4. Próf hafa gengið vel miðað við aðstæður. Kennarara, stjórnendur og allir hafa gert sitt til að nemendur og aðrir komist í gegnum námsmatstímann í skugga alvarlegs slyss sem var á Dimmiteringu.
5. Bréf frá móður við skólann varðandi sölu á orkudrykkjum við skólann barst foreldrafélaginu. Hún bendir á að þeir séu seldir í nemendasjoppu skólans en að rannsóknir bendi til að neysla þeirra sé bæði óhófleg og óholl. Ekkert er sagt við því þó að nemendur neyti þessara drykkja í skólanum, komi með þá með sér. Ræða þarf þetta á breiðari grundvelli, s.s. bann við neyslu drykkjana í skólanum, fræða um óhóflega neyslu þeirra o.s.frv.
6. Skólahátíð 17. júní. Útskrift tveggja árganga. Hátíðin mun taka 2,5 tíma og ekki eru fjöldatakmarkanir gesta á útskriftinni sjálfri eins og um kvöldið. Stefnir í 1400 mann veislu um kvöldið í höllinni þar sem hver útskriftarnemi má taka með sér 3 gesti.

Ekki var fleira rætt á þessum síðasta fundi skólaársins.

Fundi slitið 17.30

Ritari: Bryndís Inda